



Umboðsmaður barna
Kringlunni 1
103 Reykjavík

Kópavogi, 3. júní 2020
2005627/303.01 ÁAK

Efni: Svar við erindi Umboðsmanns barna frá 18. maí sl.

Kópavogsbær harnar mjög þau atvik sem áttu sér stað í október 2017 og í febrúar 2018 og fjallað er um í dómi Héraðsdóms Reykjaness 3. apríl sl. Í leik- og grunnskólum Kópavogsbæjar vinnur fagfólk sem hefur mikla þekkingu og reynslu af vinnu með fötluðum börnum og hefur hagsmuni þeirra í fyrirrúmi í öllum sínum störfum. Hjá sveitarfélaginu er fyrir hendi verklag um tilvik þar sem börn verða fyrir ofbeldi en ljóst er að því miður var því ekki fylgt til hlítar í þessu máli en upp komst um að fyrra tilvikið var ekki tilkynnt barnavernd, foreldrum eða deildarstjóra leikskóladeildar menntasviðs fyrr en eftir að síðara atvikið varð. Brugðist var við fyrra tilvikinu innan leikskólans sjálfs og ákveðnar úrbætur gerðar.

Hér á eftir koma svör við spurningum Umboðsmanns barna sem bárust Kópavogsbæ með bréfi dags. 18. maí sl. af tilefni þess að dómur féll í máli S-1258/2019 í Héraðsdómi Reykjaness.

1. Til hvaða ráðstafana hefur sveitarfélagið gripið til að tryggja að stjórnendur og starfsfólk leikskóla sé upplýst um að virða í öllum tilvikum tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga?

Hjá Kópavogsbæ eru í gildi verklagsreglur menntasviðs Kópavogsbæjar um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins. Verklagið sætir reglulega endurskoðun í samvinnu við barnavernd og lögfræðideild. Það verklag sem gildir í dag er öllum opið á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Barnavernd Kópavogs ásamt menntasviði bæjarins hafa verið með tilraunaverkefni sem miðar að því að efla samstarf milli leikskóla og barnaverndar en þekkt er að hlutfallslega fáar tilkynningar um aðstæður barna berast frá leikskólum almennt. Þetta er landlægt vandamál eins og sést á tölum Barnaverndarstofu þar sem fram kemur að hlutfall tilkynninga frá leikskólum og gæsluforeldrum sé almennt undir 2% allra tilkynninga. Niðurstöður tilraunaverkefnisins sýna að með auknu samstarfi og fræðslu til allra starfsmanna leikskóla varð greinanleg aukning í fjölda tilkynninga frá



leikskólum. Til þess að festa þetta fyrirkomulag í sessi hefur verið tekin ákvörðun í Barnavernd Kópavogs að ráða inn verkefnastjóra snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu fyrir ung börn og fjölskyldur þeirra. Markmiðið er að auka aðgengi foreldra og starfsmanna leikskóla að upplýsingum, ráðgjöf og stuðningi. Verkefnastjórinn mun halda utan um reglulega fræðslu til allra starfsmanna leikskóla sveitarfélagsins um meginreglur barnaverndarlaga, tilkynningarskyldu og hvernig þekkja megi einkenni sem börn sem búa við vanrækslu og ofbeldi sýna svo dæmi sé nefnt. Verkefnastjórinn hefur störf haustið 2020.

2. Telur sveitarfélagið að umrætt mál gefi tilefni til að taka til sérstakrar skoðunar fyrirkomulag þjónustu við fötluð börn í sveitarfélaginu?

Það er trú sveitarfélagsins að þjónusta við fötluð börn í sveitarfélaginu sé almennt góð. Lögð er áhersla á að hverju og einu barni sé veittur einstaklingsmiðaður stuðningur. Fyrirkomulag þjónustu við fötluð börn er í sífelldri skoðun og markvisst leitað leiða til að bæta gæði hennar og tryggja öryggi og vellíðan fatlaðra barna í þjónustu hjá sveitarfélaginu. Sú vinna hefur verið unnin í samstarfi Menntasviðs og Velferðarsviðs undanfarin ár og er ekki tilkomin vegna umrædds máls en nýtist vel við rýni og umbætur sem unnið verður að í kjölfarið. Sviðin hafa m.a. unnið í sameiningu að því að skilgreina og innleiða ýmis umbótaverkefni sem hafa þann tilgang að styrkja þjónustu, m.a. við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

3. Hefur sveitarfélagið ráðist í úttekt á þeim atburðum sem fjallað er um í fyrirnefndum dómi eða starfi leikskólans sem um ræðir í því skyni að fá fram upplýsingar sem nýta má við að setja verkferla eða skerpa á ábyrgð og verklagi þannig að unnt sé að koma í veg fyrir sambærileg atvik?

Ekki var talin þörf á formlegri úttekt á starfsemi þessa tiltekna leikskóla þar sem ítarlega var farið yfir málsatvik með stjórnendum og starfsmönnum skólans sem voru meðvituð um þau mistök sem gerð voru með því að tilkynna ekki fyrra atvikið. Enginn sem að málinu kom hefur reynt að skorast undan ábyrgð og samstaða hefur við um að draga lærdóm af reynslunni og fyrirbyggja að slíkt eigi sér stað aftur.

Það er mat yfirstjórnar leikskólamála að leikskólinn sé vel í stakk búinn til þess að taka á móti börnum og sinna hlutverki sínu eins vel og hann hefur gert um árabíl. Hins vegar má alltaf bæta alla þjónustu, auka fræðslu og skerpa verkferla og sú vinna er ýmist yfirstaðin eða framundan eins og lýst er hér að ofan. Unnið er að gerð verkferla um ytra mat í leikskólum sem byrjað verður að vinna eftir í haust og mun viðkomandi leikskóli fara í gegnum það mat.



4. Telur sveitarfélagið, sem nú vinnur að innleiðingu Barnasáttmálans í öllu starfi með börnum, að umrætt mál gefi tilefni til frekari ráðstafana?

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum 26. maí sl. aðgerðaráætlun vegna innleiðingar Barnasáttmála SP. Þar er að finna 18 aðgerðir sem allar miða að því að efla réttindi og stöðu barna í sveitarfélaginu. Aðgerðaráætlunin byggir á fjölbreyttri greiningarvinnu á fyrirliggjandi opinberum gögnum um stöðu, heilsu og líðan barna í Kópavogi. Auk þess er tekið mið af skoðunum barna og ungmenna sem leitað var eftir í sérstakri könnun bæjarins, rýnihópasamtölum og niðurstöðum ungmennafings.

Tvær aðgerðir miða sérstaklega að því að efla fræðslu um mikilvægi tilkynninga þegar grunur vaknar um vanrækslu og/eða ofbeldi gagnvart barni og bæta verklag. Þessar aðgerðir, nr. 7 og 13 og eru eftirfarandi:

Aðgerð 7: „Yfirfara verkferla og tryggja að farið sé að lögum og reglum hvað varðar tilkynningar og viðbrögð þegar grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni. Gerð verði fræðsluáætlun sem snýr að starfsfólki Kópavogsbæjar um mikilvægi viðbragða og tilkynninga vegna gruns um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart börnum sem starfsmenn kunna að verða varir við. Jafnframt verði gerð fræðsluáætlun sem nái til barnanna sjálfra sem og annarra íbúa Kópavogsbæjar.“

Aðgerð 13: „Fara yfir verklagsreglur á öllum starfsstöðum bæjarins þar sem börn koma eða dvelja og uppfæra gæðahandbók eftir því sem þarf. Tryggja samræmingu milli starfsstöðva sem vinna með börn og setja upp kynningaráætlun á verklagsreglum. Þá þarf að endurmeta heiti verklagsreglna og hafa framsetningu skýrari. Skólastjórnendum finnst að nafnið á reglunum mætti vera meira lýsandi þannig að heitið nái einnig yfir tilkynningar vegna vanrækslu. Skólastjórnendur óska t.d. sérstaklega eftir endurskoðun á kaflanum barn beitir annað barn ofbeldi.“

Virðingarfyllt,
f.h. Kópavogsbæjar


Ása A. Kristjánsdóttir, lögmaður